

Fundargerð 14. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 16. Júní, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður Pétur Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu sem ritaði fundargerð og Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður.

1. Kæra vegna hönnunarútboðs

Lögð fram niðurstaða í kæru vegna hönnunarútboðs.

Val á hönnuðum var kært til Kærunefndar útboðsmála (KNÚ) og er það næst-lægstbjóðandi sem kærði, lögð fram niðurstaða hjá kærunefnd útboðsmála. Ákvörðun KNÚ er að Hafnarfjarðarbæ er ekki heimilt að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Einnig lagður fram tölvupóstur frá Jóni Auðunni Jónssyni lögmanni lægstbjóðanda.

Óskað er eftir að Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður geri minnisblað vegna þessa máls, fyrir .

2. Verkáætlun

Rætt var um verk- og tímaáætlun vegna verkefnisins, Sigurði Haraldssyni falið að rýna verk- og tímaáætlun og skoða mögulega flýtingu á verkefninu.

Fundi slitið kl. 17:00.

Næsti fundur verður eftir viku, það er fimmtudaginn 23. júní kl. 16:15 á sama stað.